

BÆJARLÍF – SNÆFINNUR

Læsisstefna

Í kjölfar þjóðarsáttmála um læsi sem undirritaður var árið 2015 fór af stað vinna við læsisstefnu Sveitarfélagsins Ölfuss. Grunnvinnu við hana lauk nú á haustdögum og hefur verið birt á heimasíðum Leikskólans Bergheima og Grunnskólans í Þorlákshöfn. Kynningarfundur fyrir foreldra var haldinn þann 14. nóvember sl. og þær Ingibjörg Þ. Þorleifsdóttir sérkennari og Helena Helgadóttir leikskólakennari um hann, en þær héldu einnig utan um vinnuna við gerð stefnunnar. Rétt er að hvetja foreldra og aðra áhugasama til að kynna sér vel efni læsisstefnunnar.

Heimsóknir og Dagur íslenskrar tungu

Þorgrímur Þráinsson rithöfundur og fyrrum landsliðsmaður í knattspyrnu hitti nemendur 10. bekkjar föstudaginn 23. nóvember sl. Hann flutti fyrir nemendur fyrirlestur sinn *Verum ástfangin af lífinu*. Nemendur tóku vel á móti Þorgrími enda fyrirlesturinn á jákvæðum nótum. Þess má geta að Þorgrímur hefur nú um nokkurra ára skeið heimsótt flesta 10. bekkinga á landinu með þennan fyrirlestur þar sem áherslan er jákvæða lífssýn, markmiðin í framtíðinni og svolitla sjálfsskoðun.

Þann 26. nóvember komu svo rithöfundarnir Áslaug Jónsdóttir og Hildur Knútsdóttir og lásu úr bókum sínum. Áslaug las fyrir yngstu nemendurna úr Skrímslabókunum og Hildur fyrir miðstig og unglिंगastig úr bókunum *Doddi – ekkert rugl* og *Ljónið*. Heimsókn þessara rithöfunda var skipulögð í tengslum við Dag íslenskrar tungu sem haldinn er hátíðlegur þann 16. nóvember ár hvert. Þann dag hófst formlega undirbúningur í 7. bekk vegna Stóru upplestrarkeppninnar. Nemendur annarra bekkja unnu fjölbreytt verkefni tengd íslenskunni þennan dag og fluttu verk sín bæði innan skólans og úti í bæ.

Fullveldið og jólaljós

Föstudaginn 30. nóvember var flaggað við skólann í tilefni af 100 ára afmæli lýðveldis Íslands laugardaginn 1. desember. Nemendur og starfsfólk komu saman við fánastangir skólans kl. 10.45, íslenski fáninn var dreginn að húni og fyrsta erindi þjóðsöngsins sungið. Eftir þessa stuttu athöfn var gengið að jólatrénu á skólalóðinni, ljósin tendruð á því og sungin tvö jólalög. Þessi stund var hátíðleg og skemmtileg þrátt fyrir fimbulkulda.

Jólavöldvökur og annað jólastúss

Jólavöldvaka yngsta stigs var haldin þann 29. nóvember og var með nokkuð hefðbundnu sniði. Yngri kórinn söng nokkur lög og hver bekkur var með skemmtiatriði auk þess sem nokkrir nemendur léku einleik á hljóðfæri. Þann 6. desember var jólavöldvaka miðstigs og var hún með sama sniði. Ekki varð betur séð en foreldrar og aðrir gestir hafi skemmt sér konunglega. Þann 19. desember verður svo jólavöldvaka elsta stigs en þá bjóða nemendur foreldrum til samveru í skólanum seinnipart dags. Að lokinni foreldrasamveru fara krakkarnir í sitt fínasta púss, borða jólamat og skemmta sér fram eftir kvöldi.

Foreldrafélagið stóð fyrir sínu árlega jólaföndri þann 4. desember. Þá komu nemendur og foreldrar saman, hlýddu á jólatónlist, föndruðu og máluðu piparkökur. Nemendur í 10. bekk seldu heitt kakó og vöflur og til sölu voru hýasintur og fleira jóladót.

Þriðjudagur 11. desember var jólastund 1. bekkjar og elsta hóps leikskólans og miðvikudaginn 12. desember var sparifatadagur og gengið var í kringum jólatré við undirleik skóla-jólasveinahljómsveitarinnar. Þann dag var jólamatur í boði fyrir nemendur og starfsfólk – hamborgarhryggur með öllu tilheyrandi.

Skólasterfinu á þessu ári lýkur með kertastund í öllum bekkjum að morgni 20. desember. Þá eru jólakveðjur allra bekkja skoðaðar, kennari les sögu, einhverjir syngja jólalög og smákökur eru borðaðar.

Skólakórarnir og skólahljómsveitin hafa í nógu að snúast í desember. Sungið er og leikið á jólaböllum, heimsóknum á Níuna, í kirkjunni og víðar. Það er alltaf skemmtilegt að æfa og syngja jólalögin og sannarlega hluti af jólaundirbúningnum bæði hjá krökkunum og áheyrendum.

Kæru bæjarbúar.

Starfsfólk og nemendur Grunnskólans í Þorlákshöfn senda ykkur hugheilar jóla og nýárskveðjur.

Sigprúður Harðardóttir